



Árþing

Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar

Haldið í Vallarhúsinu Ólafsfirði

13. maí 2014

Skýrsla stjórnar

Meginstarf stjórnar UÍF síðasta starfsárs hefur verið áframhaldandi vinna við endurbætur og endurbyggingu húsnæðisins að Hóli, mikill tími hefur farið í fundarhöld auk samantekta á kosnaði og gerð áætlana um kostnað einstakra eininga við enduruppbyggingu, auk þeirra föstu verkefna sem fyrir stjórninni liggja það er að endurskoða og yfirfara reglur um styrkveitingar og önnur verkefni sem UÍF kemur að. Veita umsögn um ípróttatengd málefni. Fylgja eftir skýrsluskilum aðildarféлага. Varðveita og skipta því fé sem til aðildarfélaganna hefur verið veitt.

Stjórn UÍF var þannig skipuð síðasta starfsár:

Formaður: Guðný Helgadóttir

Varaformaður: Sigurpáll Gunnarsson

Gjaldkeri: Sigurður Gunnarsson

Ritari: Þórarinn Hannesson

Meðstjórnandi: María Elín Sigurbjörnsdóttir

Varmenn: Óskar Þórðarson, Ragnheiður Ragnarsdóttir

María Elín Sigurbjörnsdóttir sagði sig úr stjórn í ágúst og kom Óskar þá inn sem aðalmaður og Ásgrímur Pálmason sem annar varamaður. Réði þar um atkvæðafjöldi í stjórnarkjöri á síðasta ársþingi. Varmenn hafa verið boðaðir á alla stjórnarfundi og fengið send öll stjórnargögn en hafa ekki séð sér fært að mæta.

Starfsmaður stjórnar: Brynja Hafsteinsdóttir

Stjórnin samþykkti sér starfsreglur og saminn var verkefnalisti fyrir komandi starfsár sem unnið var eftir.

Formlegir stjórnarfundir voru 19 auk formannafunda og annarra vinnufunda.

Fulltrúi UÍF sótti Sambandsþing UMFÍ sem fram fór í Stjörnuheimilinu Garðabæ í október og formaður sótti formannafund ÍSÍ í Reykjavík í nóvember. Formannafundir ÍSÍ er ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ upplýsir formenn sambandsaðila ÍSÍ um starfsemi sambandssins milli ípróttapínga.

Tveir formannafundir voru haldnir á árinu. Sá fyrri í Tjarnarborg í nóvember og sá síðari í mars 2015 að Hóli. Þar gerði stjórnin grein fyrir þeim verkefnum sem unnið hefur verið að milli formannafunda og ársþings.

Forseti ÍSÍ ásamt fulltrúum komu í heimsókn í september, keyrðu þau um og kynntu sér ípróttamannvirki og ípróttasvæði í Fjallbyggð að því loknu var þeim boðið að Hóli og þáðu þar hressingu, hlustuðu á kynningu formanna á starfi aðildarféлага þeirra. Ræddu við formenn og fulltrúa aðildarféлага sem þar voru mættir. Með heimsókninni vildu þau kynna sér stöðu og starfsemi grasrótarinnar. Sögðu þau frá því að með þessum heimsóknum gerðu þau sér betur grein fyrir mikilvægi ípróttafélaganna og ípróttahéraðanna fyrir sveitarfélögin. Ípróttirnar eru miðja samfélagsins og vitnisburður um að gott ípróttastarf sé einn af þeim megin þáttum sem gerir sveitafélögin fjölskylduvænni og þar með eftirskóknarverðari til búsetu.

Forvarnardagurinn 1. október 2014.

Forvarnardagurinn er haldin ár hvert að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Þórarinn Hannesson sá um að fara í grunnskólana og framhaldskólann í Fjallabyggð með þau heillaráð sem dagurinn var helgaður, kynnti hann einnig starfsemi Ungmenna og íþrótt sambands Fjallabyggðar og aðildarfélaganna. Hefur hann gert þetta mörg undanfarin ár fyrir okkar hönd og fær hann bestu þakkir fyrir.

Ný heimasíða UÍF var opnuð á formannafundinum 14. nóvember. Höfum við notið aðstoðar Kristins J. Reimarssonar við gerð hennar. Þökkum við honum sérstaklega fyrir alla undibúningsvinnu og umsjón með síðunni sem hann hefur aðstoðað okkur með. Til að halda úti lifandi vefsíðu er krafan að hafa stöðugt upplýsingastreymi sé á henni, hvetjum við aðildarfélög til að senda inn fréttir af starfsemi.

Farið var yfir reglur Verkefnasjóðsins og voru þær breytingar sem gerðar voru sendar formönnum aðildarfélaganna til umsagnar, einnig lagðar fyrir formannafund í nóvember og þar samþykktar. Ein umskókn barst í sjóðinn á starfsárinu. Viðurkenningin sem UÍF veitir Íþróttamanni Fjallabyggðar er greidd úr sjóðnum. Verið er að skoða vaktara – tengingu við síður aðildarfélaganna inn á heimasíðu UÍF.

UÍF stóð að vali á íþróttamanni Fjallabyggðar, sem og íþróttamanni hveirar íþróttagreinar og þeirra efnilegustu, ásamt Kiwanisklúbbnum Skildi. Fulltrúar UÍF í nefnd um valið voru María Elín Sigurbjörnsdóttir, Þorgeir Bjarnason og Haukur Sigurðsson. Fulltrúar Kiwanis voru Grétar Sveinsson og Sigurjón Pálsson. Nokkrar breytingar voru gerðar á umgjörð afhendingarinnar og þóttu þær takast vel. Sævar Birgisson gönguskiðamaður úr SÓ varð fyrir valinu fjórða árið í röð enda var frammistaða hans til fyrirmyndar á árinu. Boðaði stjórnin fulltrúa nefndarinnar á fund og rætt var um breytingar á reglum og útfærslu á athöfninni, stjórn UÍF vinnur nú að útfærslu á þeim tillögum sem komið hafa fram.

Enn bættist í hóp aðildarfélaganna okkar sem hlotið hafa viðurkenninguna Fyrirmyndafélag ÍSÍ, er það Skíðafélag Ólafsfjarðar og óskum við þeim til hamingju með viðurkenninguna. Knattspyrnufélag Fjallabyggðar og Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg eru einnig Fyrirmyndafélög ÍSÍ. Nú er að halda áfram með það verkefni. Hvetjum við aðildarfélögin sem eftir eru að hefja þetta ferli. Á Íþróttabingi ÍSÍ sem haldið var nú í apríl var samþykkt ferli fyrir héraðsambönd til að öðlast viðurkenninguna Fyrirmyndahéraðsamband ÍSÍ. Höfum við fullan hug á fara í þá vinnu.

Vetrarleikar UÍF voru haldnir í fjórða sinn um mánaðamótin febrúar/mars og enn er haldið áfram að þróa dagskrá og umgjörð leikana. Sjö aðildarfélög voru með viðburði auk þess sem frítt var í sund í tvo daga og frítt í tækjasal einn dag. UÍF styrkti félögin sem tóku þátt um 20.000 kr. og var sá styrkur hugsaður til kaupa á veitingum. Þórarinn bauðst til að vera í forsvari fyrir Vetrarleikana og virkja með sér gott fólk. Tókust leikarnir einstaklega vel, var fjölbreytt dagskrá af ýmsum viðburðum í boði í tíu daga.

Málefni Hóls var áfram stærsta verkefni stjórnarinnar. Áfram var haldið með framkvæmdir við tengiganginn samkvæmt áður skipulagðri áætlun um endurbyggingu hans. Ákveðið var að nýta tryggingarbætur þær sem fengust fyrir tengiganginn til að vinna samkvæmt áætluninni þar til fjármagnið kláraðist. Treyst var á að styrkbeiðni UÍF til sveitafélagsins um aðkomu þess að endurbyggingu fengju jákvæðar undirtektir en styrkbeiðninni var hafnað. Stöðvaðist því vinna við tengiganginn í ágúst og hafa legið niðri síðan. Reynt hefur verið til hins ýtrasta að koma á samvinnu við sveitarfélagið um aðkomu þess með styrk til verksins en árangur hefur ekki náðst. Lagt var fyrir formannafund í febrúar hvernig íþróttahreyfingin sæi framtíð Hóls fyrir sér. Var þar ákveðið að halda áfram með framkvæmdirnar en fara hægar í endurbætur eða eins og fjármagn leyfir án lántöku. Endurskoðaður var samningur við umsjónarmann Hóls.



Hreyfivikan – Move Week var haldin 29. september til 5. október 2014, boðið var upp á veglega dagskrá í Fjallabyggð en að henni stóðu stjórn UÍF, aðildarfélög UÍF, sveitarfélagið og einstaklingar. Tókst vikan vel og allir hlutaðeigandi ánægðir. Landsfulltrúi UMFÍ heimsótti Fjallabyggð og fylgdist með nokkrum atriðum á dagskránni. UÍF sá um að dreyfa til allra grunn- og leikskóla barna buffi með merki Hreyfivikunnar.

Framtíðarsýn verkefnisins er að 100 milljón fleiri Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu fyrir árið 2020.

Markmið herferðarinnar:

- I. Efla almenna vitund Evrópubúa um kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum.
- II. Auka tækifæri og aðgengi almennings til þátttöku í hreyfingu og íþróttum með því að finna nýjar leiðir eða auka vægi og aðgengi almennings að starfi sem fyrir er.
- III. Virkja sjálfbæra hugsun og grasrótarsamtök og fá stuðning aðila eins og UMFÍ til að efla starfið hverju sinni.

Hreyfivikan – Move week verður haldin 21-27 sept nú í ár og samþykkt hefur verið að UÍF taki þátt í henni.

Unglingalandsmót UMFÍ 2014 var haldið um verslunarmannahelgina í Skagafirði. Sex keppendur tóku þátt undir merkji UÍF, fóru fimm keppendur frá Golfklúbbi Ólafsfjarðar og einn keppandi frá Glóa. Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð sem haldin er um verslunarmannahelgina á hverju ári. Hvetjum við aðildarfélög UÍF til að senda keppendur á Unglingalandsmótið. Verður næsta mót haldið á Akureyri og lofa þeir tónlist og taumlausri gleði. UÍF greiðir þátttökugjald keppenda sem koma frá aðildarfélögum UÍF.

Nú eftir áramót hefur stjórn UÍF unnið að því að fara yfir lög aðildarfélaga sinna, eitt af hluverkum stjórnar UÍF er að staðfesta lög og lagabreytingar aðildarfélaga auk þess að halda utan um staðfest lög aðildarfélaga. Ef breyting er samþykkt á lögum aðildarfélags á aðalfundi ber stjórn félagsins að senda stjórn UÍF lög til samþykktar. Stjórn UÍF sendir þá lög með áorðnum breytingum til ÍSÍ og UMFÍ til staðfestingar. Komið hefur í ljós að lög nokkurra aðildarfélaga hafa ekki verið yfirfarin síðan fyrir sameining UÍÓ og ÍBS, einnig eftir að ÍSÍ gerði breytingu á sínum lögum þar sem aðildarfélög þurfa að taka mið af þeirri breytingu. Ætlar stjórnin að bjóða upp á vinnudag þar sem aðildarfélögum er boðin aðstoð og leiðbeiningar um endurskoðun á lögum sínum. Við búum svo vel að starfsmaður stjórnar UÍF hún Brynja er lögfræðingur og er hún tilbúin til að aðstoða okkur við þessa vinnu.

Rekstur UÍF hefur gengið vonum framar þrátt fyrir aukin umsvif eftir brunan að Hóli. Tekist hefur að halda öllum verkþáttum innan fjáhragsáætlunar tjónamats. Vinnu við tengiganginn var stöðvuð áður en það fjármagn kláraðist sem til var í sjóði til framkvæmda. Stjórn UÍF sendi út styrkbeiðni til Íþróttasjóðs ríkisins, Kea sjóðsins og sveitarfélagsins vegna endurbóta á Hóli, var þeim öllum hafnað. Auk styrkbeiðni til sveitarfélagsins um fjármagn til að ráða starfsmann í 20-30% starf. Landflutningar/Samskip hafa styrkt okkur um ágóða af flutningi jólapakka í desember, hvetjum við alla félagsmenn aðildarfélaga til nota þennan flutningmáta á jólapökkum og í leiðinni styrkja íþróttastarf í Fjallabyggð.

Stjórn UÍF þakkar styrktaraðilum fyrir stuðninginn á árinu, stjórnnum og félagsmönnum aðildafélaganna fyrir ánægjulegt samstarf og samvinnu, óskum öllum þeim góðs gengis í störfum sínum í framtíðinni.